

Skólaráðsfundur 12.3.2024

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Anna Sigga Lúðvíksdóttir, Steinunn Þorkeldsdóttir, Erla Björnsdóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Sigurður Orri Óskarsson og Líska Greipsson.

Dagskrá

- Lesfimiárangur - fara yfir MMS
- Símalaus skóli og skólaþing, sýna myndband
- Rannsókn og greining - niðurstöður
- Skólalóðin – næstu skref, skýrsla komin frá Páli Línal, kynningar.

Lesfimiárangur – farið yfir niðurstöður og þær kynntar. Lágafellsskóli er að koma vel út, er yfir meðaltali í öllum árgöngum en alltaf þarf að vera að minna á mikilvægi læsis á öllum skólastigum.

Símalaus skóli – Líska sýndi myndband og sagði frá skólaþingi sem haldið var um símalausan skóla og hvernig unnið var úr niðurstöðum þingsins. Mikið búið að kaupa af spilum og ýmsilegt gert til afþreyingar og nokkrar fleiri hugmyndir komu fram. Verkefnið hefur farið vel af stað. Gæska hefur verið aukin og allir að reyna að leggja á eitt.

Rannsókn og greining. – sagt frá skýrslu varðandi vímuefna notkun 8-10 bekkja í Mosfellsbæ. Hægt er að finna skýrsluna inn á heimasíðu skólans undir flípanum Hagnýtar upplýsingar

Skólalóðin – Skýrsla um skólalóð Lágafellsskóla. Mjög vel og fagmannlega unnin en eftir er að halda kynningu. Skólaþing með nemendum næsta haust um hvað þeir vilja en eftir er að útfæra hvernig það verður gert.

Erindi frá foreldrafélagi

o Við héldum mjög vel heppnaða samverustund fyrir nemendur í 8.-10. bekk og foreldra þeirra þann 26. febrúar sl. Þorgrímur Þráinsson kom og spjallaði við hópinn og svo spiluðum við spil og spjöllum saman. Af þessu tilefni færði foreldrafélagið unglíngadeildinni nokkur spil og "leiktæki" til að nota í auknu frelsi sínum frá símunum sínum. Við erum reiðubúin að gera meira, t.d. ef það vantar fleiri skákborð eða spil en einnig tilbúin í stærri hluti eins og borðtennisborð, sófa eða grjónapúða.

o Upp hefur komið hugmynd að styrkja einhvers konar leiksýningu fyrir yngsta stig á skólatíma. Hvernig myndi það ganga upp ykkar megin? Þá sjáum við fyrir okkur leikhóp sem myndi koma í skólann og setja upp sýningu fyrir yngsta stig.

o Okkur langaði einnig að spyrjast fyrir um hvernig forvarnarfræðsla gegn fíkniefnum er háttað t.d. fyrir miðstig og efsta stig? Við fengum ábendingu um góðan og áhrifamikinn fyrirlesara sem heimsækir skóla og fjallar um sína reynslu sem móðir sem missti 16 ára dóttur sína vegna fíkniefna. Við erum reiðubúin að styrkja það verkefni ef skólinn vill bjóða henni í heimsókn og tala við t.d. nemendur í efsta stigi.

o Fyrir miðstigið langar okkur að bjóða nemendum upp á næringarfræðslu á skólatíma, t.d. um mikilvægi fjölbreytts mataræði fyrir íþróttaiðkun, skaðsemi orkudrykkja o.fl. Við erum til í samtal um það ef þetta er eitthvað sem þið eruð til í.

- o Að lokum viljum við varpa upp þeirri hugmynd að stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnendur hittist á fundi t.d. tvisvar yfir skólaárið til að fara yfir ýmis mál og efla tengslin. Við getum byrjað á að hafa einn fund núna í apríl/maí til að fara yfir liðinn vetur og byrjað svo næsta skólaár á fundi til að starta vetrinum?

Hugmynd að athuga með leikritið frá Línu langsokk hjá Leikfélagi Mosfellsbæjar.

Nokkrar hugmyndir að fræðslu komu fram eins og skyndihjálparnámskeið, fræðsla frá Alnæmissamtökunum.

Umræða um sleppisvæðið þar sem frístundarútan stoppar, hættulegt þegar mörg börn koma saman og bílar að taka U-beygju.

Kom fram að hvort hægt að sé að gera eitthvað í agamálum.

Aðeins rætt um facebook síður hjá foreldrum árganga í skólanum. Hugmynd um að foreldrafélagið gæti deilt leiðbeiningum fyrir hópa foreldra á samfélagsmiðlum af heimasíðu Heimilis og skóla.

17:46 fundi slitið.